



TÓNLISTARSAFN
ÍSLANDS

Hábraut 2
200 Kópavogur

Ársskýrsla 2015
7. starfsár

Starfsemi 2015

Tónlistarsafnið var opnað 9. maí 2009 og hefur síðan haft reglulega opnunartíma virka daga frá kl. 10:00-16:00. Einnig hefur safnið haft opið um helgar fyrsta sýningarmánuð hverrar sýningar svo og á einstökum viðburðardögum eins og á Safnanótt og Kópavogsdögum.

„Dans á eftir“ – 6. sýning Tónlistarsafns - ný sýning í undirbúningi

Sýningin, sem opnuð var árið 2013 rann sitt síðasta skeið í október 2015. Allt árið hafði verið í undirbúningi a ný sýning sem draga átti upp mynd af þróun tónlistar á Íslandi frá landnámi fram á 20. öld. Starfsmenn safnsins höfðu notað árið til m.a. að fara í gegnum mikinn fjölda sögulegra heimilda í fornbréfum, íslendingasögum auk fjölda sögulegra bóka til að skapa sér mynd af slíkri sýningu. Tilbúinn var samstarfssamningur við Búa Kristjánsson myndlistarmann og grafískan hönnuð og skyldi sýningin opnuð á Safnanótt 2016. Til verksins hafði fengist styrkur frá Safnaráði upp á 1.5 milljónir. Hætt var við sýninguna og er greint nánar frá þeirri ákvörðun í lokaorðum þessarar skýrslu.

Safnanótt 2015

Tónlistarsafn Íslands tók þátt í Safnanótt 2015 með því að hafa opið allt kvöldið. Frá kl. 20-22 léku Reynir Jónasson á harmonikku og Guðmundur Steingrímsson á trommur gömludansalög og tóku nokkrir sýningargestir sporið undir leik þeirra.

Starfsmannamál

Á árinu gerði Tónlistarsafn Íslands samning við Fangelsismálastofnun sem bar í sér að einstaklingar sem dæmdir höfðu verið til samfélagsþjónustu unnu hana í Tónlistarsafni Íslands. Vinnuframlagið er án endurgjalds fyrir safnið. Á árinu vann einn starfsmaður tímabundið við skráningu í Ísmús. Komu fram óskir um að framhald yrði á þessu samstarfi.

Samningur sá er gerður var við Almannatryggingar til tveggja ára 1. september 2013 rann út á árinu. Ekki fékkst heimild frá Kópavogsbæ að framlengja þennan samning og hætti því starfsmaðurinn sem starfaði skv. þessu samningi í lok ágúst á árinu. Var mikil eftirsjá í honum fyrir safnið.



Meðal muna sem Tónlistarsafni Íslands bærust á árinu var þetta forláta Phillips útvarpstæki sem var afmælisútgáfa fyrirtækisins árið 1957. Tækið var brúðargjöf til hjónanna Geirlaugar Karlsdóttur og Harðar Sófussonar

Aðföng

Á árinu 2015 bárust Tónlistarsafni 23 gjafir. Eru þar áberandi eins og áður, gömul nótnasöfn með útgefnum íslenskum nótum, tónleikaskrár o.fl. Þá bárust safninu bréfasafn, uppköst að öllum síðustu bréfum Jóns Leifs, vegabréf hans, ljósmyndir, endurprentanir af gömlum málverkum o.fl. Þá færði Njáll Sigurðsson safninu afrit af óútgefinni heimildarmynd eftir Pál Steingrímsson og Njál um Kirkjutónlist á Íslandi. Þá bárust safninu gamlar gítarútsetningar sem voru í eigu Mandólinhljómveitar Reykjavíkur frá því um 1945 auk ljósmynda af hljómsveitinni, einnig handskrifaðar nótur og nótnabækur eftir Sigurð H. Briem gítarkennara.

Fræðslustarfsemi/samvinna

Eins og áður komu hópar í Tónlistarsafn í samvinnu við Pamelu De Sensi flautuleikara á Ormadögum. Á árinu fór forstöðumaður vestur að Núpi í Dýrafirði og hélt fyrirlestur um söngkennslu í skólum á 19. öld og í byrjun þeirrar 20. Var fyrirlesturinn haldinn í samvinnu við Hátíð á Núpi 27. júní, sem var málþing um sálmaskáldið, þjóðlagasafnarann og tónlistarfræðinginn Sigtrygg Guðlaugsson.


Í marsmánuði heimsóttu safnið 2 hópar nemenda og kennara frá Kleppsjárnreykjarskóla. Í apríl kom hópur frá Soroptimistasamtökunum í heimsókn, og síðar hópur nemenda frá Menntaskólanum í Kópavogi. Í maí heimsótti safnið hópur 9. bekkjar nemenda úr Kársnesskóla í Kópavogi. Í ágúst mánuði héldu hópar frá Tónlistarhátíð Unga fólksins fyrirlestra í Tónlistarsafni og í nóvember komu nemendur Kópavogsskóla og Smáraskóla í heimsókn í safnið auk nemenda frá Vatnsendaskóla. Þá komu í nóvember starfsmenn Íslenskrar Tónverkamiðstöðvar í heimsókn í Tónlistarsafn og fengu fyrirlestur um starfsemina. Eru hér nokkur atriði nefnd af fleirum.

Viðburðir/upptökur

2. október var Gullnöglin afhent, en það er viðurkenning Gítarama Björns Thoroddsens, eða eins og segir í fréttatilkynningu um málið: „Með Gullnöglinni erum við að heiðra gítarleikara fyrir að hafa áhrif á íslenskan gítarleik. Að þessu sinni verður það Gunnar Þórðarson og er hann svo sannarlega vel að þessu kominn. Málið er að það vita allir hvað Gunni hefur gert og hvað gítarinn hefur leikið í höndunum á honum.“ Tónlistarsafn var á staðnum og tók viðburðinn upp. Í janúarbyrjun tók Tónlistarsafn afhendingu á Ljóðastafnum í Salnum. Þá má nefna fjölda viðtala sem forstöðumaður hefur tekið í frítíma sínum og hafa, eða munu birtast í Ísmús.

Ísmús

Stöðugt er unnið að þróun gagnarunnins Ísmús í samvinnu við Loftfarið.chf og Árnastofnun. Miklar breytingar voru gerðar á „bakenda“ grunnsins á árinu og sneri það einkum að sjálfri skráningunni og venslum á henni. Má segja að „lítið sé eftir“ af eldri gerð Ísmús og gefur hið nýja



kerfi miklu meiri og betri möguleika á birtingu efnis úr grunninum. Stöðug aukning hefur verið á notkun á Ísmús frá fyrra ári og má sjá yfirlit yfir árið 2015 hér.

Starfsmannamál

Á árinu hunnu þrír starfsmenn í safninu til loka ágúst, en þá var ekki gefið leyfi fyrir að endurnýja samning þann við Almannatryggingar sem hafði verið í gildi í 2 ár. Að öðru leyti unnu hinir tveir föstu starfsmenn safnsins í fullu starfi allt árið.

Aðsókn

Aðsókn að safninu milli ára hefur nánast staðið í stað, eða 1711 á árinu 2015. Mikil aukning hefur þó orðið á notkun á Ísmús gagnagrunninu eins og sjá má á myndinni hér að ofan..

1/1/15	53	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/2/15	236	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/3/15	85	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/4/15	64	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/5/15	779	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/6/15	32	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/7/15	64	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/8/15	148	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/9/15	28	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/10/15	24	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/11/15	156	Heimsóknir - Tónlistarsafn
1/12/15	42	Heimsóknir - Tónlistarsafn

Ársreikningur 2015

Dags. 1.1.2015 - 31.12.2015				
Númer	Heiti	Hreyfing	Áætlun	Mismunur
0982	Endurgreiðslur til eðli	-6.500.000 kr.	-5.000.000 kr.	1.500.000 kr.
0990	Aðrar tekjur	-295.600 kr.	-1.500.000 kr.	-1.204.400 kr.
0992	Aðrar endurgreiðslur	-1.919.585 kr.	0 kr.	1.919.585 kr.
1110	Mánaðarlaun	14.240.431 kr.	13.203.308 kr.	-1.037.123 kr.
1121	Yfirvinna	2.792.640 kr.	2.904.336 kr.	111.696 kr.
1702	Búfrelðahlunnindi	96.280 kr.	0 kr.	-96.280 kr.
1801	Tryggingagjöld	1.460.642 kr.	0 kr.	-1.460.642 kr.
1890	Launatengd gjöld	2.780.848 kr.	3.988.283 kr.	1.207.435 kr.
1906	Kaffikostnaður	171.825 kr.	50.000 kr.	-121.825 kr.
2011	Skrifstofuvörur	0 kr.	160.000 kr.	160.000 kr.
2021	Bækur og skrift	0 kr.	20.000 kr.	20.000 kr.
2032	Pappír og ritföng	11.367 kr.	200.000 kr.	188.633 kr.
2084	Smíðutími og efni	5.871 kr.	100.000 kr.	94.129 kr.
2853	Ýmis bílaðar	500.138 kr.	1.457.000 kr.	956.862 kr.
2990	Önnur vöruskipt	274.624 kr.	82.100 kr.	-192.524 kr.
2996	Kostnaður viðfengna	335.416 kr.	0 kr.	-335.416 kr.
4011	Sími	47.906 kr.	120.000 kr.	72.094 kr.
4012	Netþjónusta	261.291 kr.	0 kr.	-261.291 kr.
4210	Ferðakostnaður	177.578 kr.	0 kr.	-177.578 kr.
4211	Ferðakostnaður innanlands	3.680 kr.	20.000 kr.	16.320 kr.
4342	Aðkeypt þjónusta	924.107 kr.	1.100.000 kr.	175.893 kr.
4375	Eftirlitgjöld	2.699 kr.	0 kr.	-2.699 kr.
4398	Önnur þjónustuskvæði	10.091 kr.	70.000 kr.	59.909 kr.
4412	Reiknað afbót	8.484.218 kr.	9.541.892 kr.	1.057.674 kr.
4911	Prentun og ljósritun	73.966 kr.	265.000 kr.	191.034 kr.
4923	Námskeiði- og skólagjöld	21.000 kr.	70.000 kr.	49.000 kr.
4969	Viðhald á vegum flestignadeildar	21.773 kr.	0 kr.	-21.773 kr.
4988	Tölvukostnaður mfl.	415.639 kr.	415.639 kr.	0 kr.
Hreyfing: 24.388.845 kr. Áætlun: 27.267.558 kr. Mismunur: 2.868.713 kr.				

Heiðursverðlaun

Tónlistarsafni Íslands var veitt heiðursverðlaun á Degi íslenskrar tónlistar 1. desember 2015. Hér má sjá frétt um þann viðburð, og ávarp formanns Samtóns, Björns Th. Árnasonar af því tilefni:

Dagur íslenskrar tónlistar

Heiðursviðurkenning Samtóns á Degi íslenskrar tónlistar í Hörpunni 1. desember 2015

2.12.2015

Heiðursviðurkenning Samtóns var veitt í dag á Degi íslenskrar tónlistar í Hörpu.

Viðurkenningin sem ber heitið "Litli fuglinn" fór til Tónlistarsafns Íslands. Hér að neðan er að finna ávarp formanns Samtóns, Björns Th. Árnasonar sem haldið var af þessu tilefni.



Góðir áheyrendur, góðir gestir hér í Hörpu.

Enn á ný höldum við upp á dag íslenskrar tónlistar. Til hvers? Eru ekki allir dagar dagar tónlistar? Jú í huga flestra er svo. En til hvers er Samtónn að halda upp á þennan dag? Jú við viljum nota tækifærið til þess að þakka einstaklingum, stofnunum og tilteknum ráðamönnum fyrir góð störf og stuðning við tónlistarlíf þjóðarinnar. Í ár höldum við tvo einstaklinga fyrir frábær störf. Um leið viljum við vekja athygli á stofnun sem er mjög mikilvæg íslenskri þjóð og tónlist hennar.

Samkvæmt fréttum úr Kópavogi vofir niðurskurðarhnifur bæjaryfirvalda yfir umræddri stofnun og boðaðar hafa verið verulegar breytingar á rekstri hennar. Stofnun þessi er Tónlistarsafn Íslands.

Það boðaði ánægjuleg og tímabær vatnaskil á vettvangi tónlistarlífsins í landinu þegar bæjaryfirvöld í Kópavogi ákváðu 2009 að stofna Tónlistarsafn Íslands. Tónlistarhreyfingin og almenningur í landinu fagnaði þessum merka áfanga í íslenskra tónlistarsögu. Við höfum fylgst með því hvernig safnið hefur dafnað undir stjórn tvímenningana sem hafa stýrt því og menningarverðmæti safnsins hafa margfaldast á undanföllum árum. Safnið er orðið einn af hornsteinum íslenskrar þjóðmenningar en á því gæti orðið breyting ef áform bæjaryfirvalda í Kópavogi koma til framkvæmda.

Óvissa blasir nú við. Áform eru um að öðrum af tveimur starfsmönnum safnsins verði sagt upp störfum samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir næsta ár og boðað hefur verið að safninu verði vísað úr núverandi húsnæði. Gangi þessi áform eftir mun það hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér og stefna í hættu því góða starfi sem unnið hefur verið við safnið. Samtónn, samtök íslenskra tónlistarréttihafa, flytjenda, höfunda og framleiðenda, skorar á bæjaryfirvöld í Kópavogi að endurskoða áform sín og kasta ekki á glæ dýrmætu fjöreggi íslenskrar tónlistarsögu.

Að þessu sögðu vil ég biðja þá félagar Bjarka Sveinbjörnsson og Jón Hrólf Sigurjónsson að koma hingað upp á svið og taka við heiðursviðurkenningu Samtóns til Tónlistarsafns Íslands. Verðlaunagripurinn ber - líkt og lagið góða - heitið "Litill fugl" og felur í sér djúpa þökk og viðurkenningu fyrir frábær og ómetanleg störf við safnið og tónlistarlífið í landinu.

Framtíð Tónlistarsafns Íslands

26. október 2015 kallaði Arna Schram, forstöðumaður Lifthúss Kópavogs forstöðumann á fund með henni og bæjarritara Kópavogs, Páli Magnússyni, með dags fyrirvara. Á þeim fundi tilkynntu þau forstöðumanni að í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2016, sem samþykkt yrði síðar þann dag væri ekki gert ráð fyrir nema einu stöðugildi í Tónlistarsafni Íslands, safnið myndi missa húsnæðið sem það væri í og forstöðumanni „komið fyrir“ í einhverri annarri stofnun bæjarins. Ástæða uppsagnar starfsmanns Tónlistarsafns var gefin sú að ráða ætti barnamenningarfulltrúa til að fylgja eftir nýrri og nýsamþykktari menningarstefnu Kópavogsbæjar.

Starfsmenn Tónlistarsafns brugðust hart við, skrifuðu bréf til allra bæjarfulltrúa Kópavogsbæja og varamenn þeirra auk bréfs og upplýsinga um starfsemi Tónlistarsafns Íslands til allra þingmanna. Niðurstaðan varð að Alþingi veitti Kópavogsbæ 10 milljónir til að ekki þyrfti að segja starfsmanninum upp meðan unnið yrði að farsælli lausn fyrir safnið til framtíðar.

Hugmyndir að stefnumótun

Á árinu 2014 vann forstöðumaður hugmyndir að stefnumótun fyrir safnið. Vegna þeirrar stefnu sem eigandi og rekstraraðili safnsins, Kópavogsbær tók í lok ársins 2015 birtast þær hugmyndir hér, sem og svör til yfirmanns um helstu verkefni forstöðumanns.

Kópavogi, 2. júní 2014

Hugmyndir að stefnumótum 2014

1. Hver eru helstu verkefni þín?

- 1.1 Allur daglegur rekstur, innkaup, samningar, samskipti við þá er sækja safnið, annað hvort sem gestir eða gefendur.
- 1.2 Kynning á safninu útávið, tengsl við fjölmiðla, fyrirlestrar, samskipti við nemendur er í safnið sækja, tengsl við önnur söfn, einkum Landsbókasafn, Þjóðminjasafn og Stofnun Árna Magnússonar. Stofnun verkefna af ýmsum toga, ákvörðun um sýningahald, söfnun og vinnsla heimilda í tengslum við það. Þar undir myndvinnsla af ýmsum toga, bæði ljósmyndir og video. Þá höfum við leitast við að standa sjálfir fyrir allri smíða- og málningarvinnu í tengslum við sýningar.
- 1.3 Öll afritunarvinna, af segulböndum og plötum er berast safninu og hafa tengjast starfsemi safnsins.
- 1.4 Þátttaka í þróun og hönnun á Ísmús gagnagrunninum, sem er flaggskip safnsins í rafrænni miðlun. Umsjón með heimasíðu safnsins, sem unnið er að um þessar stundir að breyta og gera hluta af Ísmús. Skráning heimilda í grunninn um íslenskt tónlistarlíf.
- 1.5 Taka videoviðtöl við fólk á landinu öllu um menningarmál hvers héraðs, og þar undir sérstaklega tónlistarmál, skráning og vinnsla á þeim og miðlun í Ísmús.
- 1.6 Sækja um styrki til verkefna Tónlistarsafn og leita að samstarfsaðilum um ýmis verkefni.
- 1.7 Mannaráðningar af ýmsum toga er varða starfsemi safnsins.
- 1.8 Taka upp og vinna ýmsa áhugaverða tónleika sem safnið metur hverju sinni að vert væri að varðveita.

2. Mikilvægustu verkefni stofnunarinnar

Ljóst má vera að þegar sett er á laggirnar stofnun í kringum heila listgrein þjóðar, þá verða öll verkefni er falla að starfsemi safnsins skv. stofnskrá mikilvæg. Öll elstu tónlistarhandrit þjóðarinnar (frá 1100-1900) eru nú þegar varðveitt á opinberum söfnum og smám saman berast þangað tónsmíðahandrit fyrstu kynslóðar íslenskra tónskálda. Nú er sá tími að önnur kynslóð tónlistarmanna, skapandi og flytjandi er að falla frá og saga þeirra í íslensku tónlistarlífi að hverfa í gleyskuna. Eftir að starfsemi Tónlistarsafns Íslands hefur spurst smám saman út, eykst það til muna að afkomendur látinna tónlistarmanna, eða fólks er starfað hefur að tónlist vilja afhenda safninu tónlistartengda muni til varðveislu. Hér falla undir handrit, plötur, bréf, myndir, munir, gamlar segulbandsupptökur og annað er tengjast starfi þeirra. Þar sem tónlistarsagan á Íslandi er ung, er nú tækifæri til að ná utan um hana svo til heildstætt, sem er einstakt tækifæri í einu landi. Mikilvægasta verkefni stofnunarinnar er því að búa til „arkív“ utan um íslenska tónlistarsögu, varðveita, skrá og miðla fyrir komandi kynslóðir. Þó svo safnið taki við fjölda gagna frá fólki, er stefna þess að allir viðkvæmir hlutir, eins og pappírshandrit, bréfasöfn - jafnvel ljósmyndir verði afhent til varðveislu á Landsbókasafni/Þjóðminjasafni sem hafa fullkomnar geymslur til að varðveita slíka hluti, en þó ekki nema að undangenginni skráningu þessara muna í Tónlistarsafni. Safnið leitast við að nota nýjustu tækni til miðlunar á gögnum sínum, einkum netið. Einnig eru gerðar tilraunir við að nota aðra miðla, eins og spjaldtölvur til að miðla einstökum verkefnum safnsins, líkt og nýgerð tilraun með sýninguna Dans á eftir sem nú stendur uppi í safninu.

3. Hvað tekur mestan tíma?

Eins og á öðrum líkum stofnunum, er skráning og frágangur gagna tímafrekur. En til þess að gögnin verði aðgengilegt er þetta nauðsynlegur þáttur. Safnið hefur nú um stundir starfsmann sem er að skrá íslenskt plötusafn stofnunarinnar inn í gagnagrunn safnsins. En mikið starf er framundan við að „ná utan um“ öll þau gögn sem safnið á og er í merktum kössum í geymslum safnsins. Þar fellur undir að grísa, velja úr það sem skal varðveita til framtíðar en koma öðru fyrir annarsstaðar, annað hvort sem gjöfum, selja eða hreinlega henda. Þetta er liður í starfsemi allra safna.

Staða þekkingar og tækja

- Mannskapur: Safnið þarf nauðsynlega á einum fjölhæfum tónlistarmenntuðum starfsmanni að halda til að hjálpa til við að „ná utan um“ þessi gögn, auk þess að taka þátt í fjölbreyttri starfsemi safnsins.
- Tæki:
 - a) Verkefnisstjóri safnsins hefur unnið á sína eigin tölvu frá því hann kom til starfa. Nauðsynlegt er að keypt verði ný talva fyrir hann af Apple gerð.
 - b) Safnið á ágæta videoupptökuvél og hluta í annarri með Ungmennahúsi. Þetta hefur á stundum skapað vandræði þar sem Ungmennahúsið „lánar út“ vélina til ýmissa verkefna á vegum skjólstæðinga þess. Nauðsynlegt er fyrir Tónlistarsafn að eignast fyrir sig aðra videoupptökuvél fyrir tónleikaupptökur safnsins og aðrar upptökur.
- Þekking: Starfsmenn búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu við notkun á hinum ýmsu tækjum. Þá þekkingu hafa þeir öðlast með margra ára reynslu af ljósmyndun, videoupptökum, texta- og myndvinnslu, kvikmyndavinnslu, hljóðvinnslu og fleiru er gagnast starfsemi safnsins. Nánast engin utanaðkomandi vinnsla á þessu sviði er keypt og má því segja að slík vinnsla taki einnig tíma starfsmanna.

4. Styrkleikar stofnunarinnar.

Fastir starfsmenn Tónlistarsafns hafa góða menntun á sínu sviði. Þar á ofan kemur áratuga reynsla af kennslu og miðlun á ýmsu sviði, greinaskrifum, skýrslugerðum, fyrirlestrum og verkefnavinnu af ýmsum toga. Þá eru þeir mjög vel tengdir inn í tónlistarheiminn í heild sinni og hafa mikið yfirlit yfir þróun hans og stöðu í gegnum tíðina. Hefur sú þekking og reynsla reynst mjög vel í allri starfsemi Tónlistarsafns Íslands

5. Veikleikar stofnunarinnar.

Tónlistarsafn Íslands var stofnað í janúar 2009 og opnað almenningi með sýningu í maí sama ár. Vegsemd þess hefur vaxið til muna og hefur það nýlega hlotið opinbera viðurkenningu Menntamálaráðuneytis sem fullgilt safn. En um leið veikist safnið smám saman vegna aukinna umsvifa og birtist það helst í skorti á starfsfólki. Þá má benda á að leitast er við að fá á svæðið erlenda ferðamenn. Mikilvægt er í því sambandi að koma á umfangsmikilli, fastri sýningu um sögu svið tónlistarinnar á Íslandi á fleiri en einu tungumáli. Um leið að það er sagt, þá skapar rýmið sem starfsemin fer fram í ekki möguleika á slíkri sýningu.

6. Hlutverk stofnunarinnar.

Hlutverk Tónlistarsafns Íslands birtist í nokkrum föstum markmiðum eins og þau birtast á heimasíðu safnsins, www.tonlistarsafn.is. þ.e.:

- Skrá og miðla hvers kyns upplýsingum og munum sem tengjast tónlist á Íslandi frá upphafi s.s. hljóðfærum, hljómtækjum, hljóðupptökum, nótum, bókum, myndum og munum.
- Safna heimildum og gögnum um íslenska tónmenningu í formi frásagna, bréfa, viðtala, blaða- og tímaritsgreina, ævisagna og kvikmynda sem endurspeгла íslenskan tónlistarheim.
- Hafa frumkvæði að og stunda rannsóknir á sögu íslenskrar tónlistar/tónminja í samstarfi við fræðimenn á þessu sviði og skapa þeim jafnframt aðstöðu til vinnu sinnar eftir því sem kostur er. Safnið skal hafa frumkvæði að umsóknum um rannsóknarstyrki á sviði íslenskrar tónlistar.
- Vera ráðgefandi á sviði tónlistar fyrir nemendur, skóla, einstaklinga og stofnanir sem til hennar kunna að leita á því sviði.

- Leitast við að vera leiðandi og ráðgefandi í vörslu hljóðritana með íslensku efni, bæði útgefnu sem og hljóðritana í eigu stofnana og einstaklinga.
- Tryggja almennt aðgang að og upplifun með nýjustu tækni.

7. Hvaða markmiðum vinnur stofnun eftir.

- sjá að ofan.

8. Hver eru 3 mikilvægustu verkefni næstu 100 daga (eða á árinu).

1. Að hefja undirbúning að næstu sýningu Tónlistarsafns, en stefnt er að því að hefja þann undirbúning í lok september.
2. Að vinna áfram að þróun Ísmús gagnagrunnsins þannig að hann nýtist starsemi safnsins sem best að því er snýr að miðlun
3. Að koma heimasíðu safnsins í viðunandi horf, en stefnt er að því að byggja hana ofan á Ísmús gagnagrunninn.

9. Hver eru 3 mikilvægustu verkefni á næsta kjörtímabili.

1. Að koma á fastri sýningu Tónlistarsafns sem dregur upp mynd af upphafi og þróun íslenskrar tónlistarsögu frá landnámi fram á okkar daga. Nefna mætti hér hvort ræða ætti samstarf um slíka sýningu við aðra aðila, eins og t.d. Hörpu og leitað fjármagns utan að til að koma upp slíkri sýningu. Myndu gestir á slíkri sýningu einnig teljast sem gestir Tónlistarsafns Íslands.
 2. Að koma Ísmús gagnagrunninum á fastan rekstrargrundvöll og vinna frekar að þróun hans. Er hann orðinn svo umfangsmikið tæki að nauðsynlegt er orðið að viðhalda honum með um 20-25 tíma vinnu á mánuði. Yrði þetta gert í samstarfið við Stofnun Árna Magnússonar sem greiddi helming rekstursins.
 3. Huga þarf að framtíðarstarfsemi Tónlistarsafns Íslands. Á safnið að vera eyland í hópi safna eða tengjast formlega öðrum stofnunum. Yrði það einkum til þess að safnið kæmist inn í hið akademíska landslag háskólaumhverfisins og gæfi safninu kost á að starfa sem háskólastofnun. Þegar er náð samstarf milli Tónlistarsafns, Árnastofnunar og Landsbókasafn, stofnana sem einnig varðveita tónlistararfinn. Væri hægt að hugsa sér að þarna yrði búið til nánara samstarf?
4. Koma á ljósleiðaratengingu við safnið og stafræna afritun utanhúss af gögnum safnsins.

Lokaorð

Segja verður að vonin um framtíð Tónlistarsafns Íslands sem stofnun dofnaði til muna í lok árs. Það, að samfélagið geti ekki sameinast um að reka safn um listgreinina tónlist veldur vonbrigðum og að áherslur við nýja pólitískt kjörna fulltrúa við hverjar kosningar geti haft þau áhrif að menningarstarsemi sem þessi leggist af. Það virðist þó vera raunin og er sárt til þess að hugsa.

Bjarki Sveinbjörnsson
Forstöðumaður